Waldorfleikskólinn Ylur
Lækjarbotnum



Starfsáætlun 2025 – 2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Efnisyfirlit

1. Formáli 5
2. Inngangur 5
3. Skólastarfið/Leiðarljós 5
4. Mat og matsaferðir 6
5. Umbótaáætlun 8
6. Áherslur í starfi leikskólans 8
7. Þróunar- og nýbreytnistarf 16
8. Foreldrasamstarf 17
Foreldraráð 17
Foreldrafélag 17
10. Símenntunaráætlun 18
Skipulagsdagar ..... **Error! Bookmark not defined.**
11. Aðrar upplýsingar 18
12. Húsnæði og lóð 18
Skólaárið 2024 - 2025 18
Ósk um viðhald skólaárið 2025 – 2026 19
13. Öryggismál 19
14. Lokaorð 19
15. Leikskóladagatal 20

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

2. Inngangur

Í Waldorfskólanum Lækjarbotnum er unnið eftir mannspekistefnu Rudolf Steiners sem í daglegu tali kallast Waldorfuppeldisfræði. Rudolf Steiner líkti þroska manneskjunnar við vöxt jurtanna og segir: Lífið í heild sinni líkist jurt, sem býr ekki einvörðungu yfir því sem augað nemur, heldur geymir einnig í leyndum djúpum sína eigin framtíð. Hér líkir Steiner starfi uppalandans við starf garðyrkjumannsins sem undirbýr jarðveginn, hlúir að plöntunni og sérkennum hennar svo hún beri ríkulegan ávöxt. Þessi líkingarmynd er lýsandi fyrir það hvernig waldorfleikskólakennaranum ber að vinna. Hann er meðvitaður um hve þýðingarmiklu hlutverki hann hefur að gegna í þroska barnsins, sem hinnar verðandi fullorðnu manneskju. Öll vinna sem fram fer með börnunum í leikskólanum, grundvallast út frá þeirri heildarsýn að hver athöfn sé hluti af stærri heild. Markmið uppeldisfræðinnar er að börnin verði örugg með sig og sína hæfileika, þau standi vel inni í sér og þroskist til að verða ábyrgir og siðferðislega sterkir einstaklingar. Eða eins og Steiner segir sjálfur: "Okkar æðsta takmark hlýtur að vera að hjálpa manneskjum að verða frjálsar og þær geti af eigin rammleik gætt líf sitt innihaldi og stefnu. Þörfin fyrir ímyndunarafl, sannleiksást og ábyrgðartilfinningu - þessi þrjú öfl eru innsti kjarni menntunar".

Helsta áskorun síðastliðins vetrar var mannekla, ráðnir starfsmenn létu af störfum með litlum fyrirvara þar af leiðandi þurfti oft að kalla inn afleysingarfólk sem reyndi mikið á þá tvo starfsmenn sem voru í 100% stöðu. Áherslan var þó alltaf á að missa ekki sjónar á inntaki hugmyndafræðinnar og frekar einfalda hátíðir og dagshrynjandann en að láta slíkt falla niður. Einnig er það alltaf árleg áskorun að takast á við veðrið og ófærðina þegar þannig ber við, slíkt leysist þó oftast farsællega, við höfum í lengstu lög lagt okkur fram um að fella ekki niður skólahald þó slíkt hafi þó gerst í einhverjum tilfellum. Þegar ófært hefur verið uppá Lækjarbotna höfum fengið inni bæði hjá Hjálpræðishernum og Skátunum í Kópavogi.

3. Skólastarfið/Leiðarljós

Leikskólinn byggir á mannspeki Rudolfs Steiners en í henni felst heildstæð sýn á manneskjuna. Manneskjan er ekki einungis líkamleg heldur einnig sálræn og andleg vera. Út frá þeirri heildarsýn leitast leikskólakennarinn við að skapa barninu sem best skilyrði til þess að hin seinna verðandi fullorðna manneskja geti tekist á við framtíðarhlutverk samtímans af dugnaði, kjarki, sjálfstæði og áhuga.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Allt innra starf leikskólans tekur mið af og mótast af því að mæta hverju barni þar sem það er statt og styrkja og virða einstaklingseðli hvers og eins. Leikskólakennarinn skapar barninu hlýlegt og kærleiksríkt umhverfi sem býður uppá skapandi og sjálfssprottinn leik með aðgang að leikföngum úr náttúrulegum efniviði. Einnig á öll framkoma kennarana og það umhverfi sem þeir skapa að veita börnum innblástur í leik og starfi. Hann þarf að vera þeim fyrirmynd sem hvetur þau til leiks og vilja til þess að vaxa í öllu sem hann tekur sér fyrir hendur.

4. Mat og matsaðferðir

Matsaðferðir sem við notumst við á Yl eru eftirfarandi:

- Starfsmannafundir
- Barnaathugun
- Endurmat eftir hátíðir
- Foreldraviðtöl
- Foreldrafundir
- Símamat á starfsemi leikskólans
- Lestur á fræðum Rudolf Steiner

Á starfsmannafundum er allt innra starf í stöðugri skoðun. Yfir vikuna skráum við hjá okkur punkta í litla bók í leikskólanum ef eitthvað kemur upp sem við viljum ræða, hvort sem það snýr að verkefnum, börnunum eða öðru. Þessir punktar eru svo tekir saman degi fyrir fund, gróf tímaáætlun gerð og fundar undirbúin. Á fundinum skráum við niður það sem fram kemur og upplýsingum komið til þeirra sem þær varða.

Barnaathugun fer þannig fram að starfsmenn taka fyrir eitt barn í einu. Í heila viku er fylgst mjög vel með þessu barni. Það er skoðað á fullkomlega óhlutdrægan hátt en af mikilli innlifun og áhuga. Líkami barnsins er skoðaður, dæmi: Hvernig eru augun í þessu barni? Eru þau stór, lítil, skásett, kringlótt? Hálflukt eða opin? Hvernig er útgeislunin: áköf, dauf, mild? Horfir barnið beint á fólk eða til hliðar?...o.s.frv. Eftir að hafa skoðað allt barnið á þennan hátt, algjörlega án skoðana eða dóms, einungis með opnum, hlutlausum hætti, er hreyfing barnsins skoðuð. Svo eru samskipti barnsins við önnur börn og fullorðna auk annarrar hegðunar líka skoðuð. Afskaplega mikilvægt er að vera

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

allan tímann algjörlega laus við að fella hverskyns dóma, sympatíska eða ósympatíska. Þessi aðferðafræði mannspekinnar virkar afskaplega vel til að byrja að skilja einstaklinginn sem við höfum í höndunum á opinn hátt. Einnig finnur barnið á ómeðvitaðan hátt löngun okkar til að skilja það fyllilega og þessi aðferð er einstaklega árangursrík. Stundum hafa erfið hegðunarmynstur hreinlega horfið á meðan starfsfólkið fylgdist með barninu og var ekki einu sinni búið að tala saman um niðurstöðurnar. En það er þó alltaf gert. Á starfsmannafundi eyðum við tíma í það barn sem var tekið fyrir í barnaathuguninni þá vikuna og ræðum það. Hverju tókum við eftir? Var eitthvað sem allir sáu greinilega? Er eitthvað við þetta barn sem við þurfum að mæta betur? Hvernig ætlum við að gera það?

Við ræðum um hverja einustu hátíð sem haldin er á fyrsta starfsmannafundi eftir hátíðina. Litið er tilbaka og skoðað hvað gekk vel og hvað mætti betur fara og skráum það niður. Þetta plagg er svo skoðað þegar hátíðin er undirbúin árið eftir.

Við viljum vera í góðum tengslum við foreldrana í leikskólanum. Oftar en ekki hringjum við í þá til að heyra aðeins í þeim og alltaf sé eitthvað í gangi hjá barninu sem við viljum heyra meira um. Foreldrum er alltaf velkomið að hringja í okkur utan vinnutíma. Það gerist þó sjaldan.

Við það að lesa mannspeki Steiners er alltaf ákveðin endurmenntun í gangi og við hana vakna alltaf nýjar spurningar og vangaveltur um hvort við séum að gera hlutina eins vel og hægt er. Starfsfólkið les viku- og dagavers á morgnanna auk þess að spjalla aðeins saman, t.d. um gærdaginn eða daginn sem er að byrja, til að vera alveg tilbúin þegar börnin koma.

Í námskrá leikskólans er lögð áhersla á að hvert einstakt barn fái að þroska með sér sín sérkenni í félagslegu samneyti. Leitast er við að taka mið af hverju barni fyrir sig og skapa þær aðstæður að barninu líði vel hvort sem er í athöfnum sem stjórnað er af þeim fullorðnu eða í leik barnanna. Skapað er svigrúm í deginum til að geta mætt sérþörfum einstakra barna ef þannig ber undir. Starfsmenn leggja áherslu á góð samskipti og uppbyggilega samvinnu milli heimilis og leikskóla. Í starfi leikskólans er ríkuleg og markviss áhersla lögð á hreyfingar, bæði fín- og grófhreyfingar, málörvun og félagsþroska barnanna. Ef talin er þörf á sérfræðingi, svo sem talmeinafræðing, sálfræðing eða aðra, eru viðeigandi ráðstafanir gerðar og viðkomandi boðaður í heimsókn eða annað sem hentar. Haft er samband við fagaðila hjá Kópavogsbæ þegar þurfa þykir.

Við leggjum mikla áherslu á að hver einstaklingur í starfsmannahópnum fái að njóta sín sem best og sé virkur þátttakandi í starfinu. Mikilvægt er að í fyrirrúmi séu opin og góð samskipti milli fólks og að eining ríki um ákvarðanir sem teknar eru. Áhersla er lögð á opin, heiðarleg og jákvæð samskipti. Er eitthvað er að trufla okkur þá er talað um það.

Á starfsmannafundum tölum við reglulega saman um líðan okkar í starfi, álag eða annað sem á okkur liggur tengt vinnunni. Eins má alltaf biðja um samtal við trúnaðarmann. Starfsmannaviðtöl eru einu sinni á önn, í nóvember og mars. Í þeim er farið yfir líðan starfsfólks og allra leiða leitað til að starfsfólk upplifi sig séð. Einnig er rætt um ef eitthvað má betur fara.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Á sameiginlegum fundum starfsfólks leikskólans er hið innra starf skipulagt, verkefnum útdeilt og litið til baka á viðburði o.fl. Á þessum fundum hafa allir möguleika á að koma með hugmyndir og útfærslumöguleika þeirra í starfi með börnunum og/eða aðrar hugmyndir varðandi starfið í heild sinni.

Nýir starfsmenn fá mánaðar aðlögunartíma þar sem þeim er gefið tækifæri á því að aðlagast skólanum og starfinu og einnig fá nýjir starfsmenn handleiðslu reyndari starfsmans. Ekki er lagt upp með að nýjir starfsmenn stjórni söng, hringleik eða ævintýrastund fyrsta mánuðinn.

5. Umbótaáætlun

Umbætur á starfinu og starfsumhverfi í lítilli einingu í flatri stjórnun eru alltaf í gangi og í sífelldu endurmati. Við notum vikulegu fundina okkar til að rýna í það sem betur má fara og hvað við erum ánægð með. Við sinnum sjálf öllu daglegu viðhaldi og þrifum að mestu leiti í góðu samstarfi við foreldra. Einn laugardag á önn er vinnudagur foreldra þar sem unnið er að stærri verkefnum á skólalóð og húsnæði í eigu skólans, en einnig smærri verkefnum eins og þrifum, undirbúningi Jólabasars skólans og ýmsu smálegu innandyra.

Þörf er á virkara samtali við Kópavogsbæ hvað varðar umbætur og endurbætur á húsnæði og vörum við til í að sjá það verða á komandi ári.

Að veita ró, skýran ramma og takt fyrir börnin með ánægt og heilbrigt starfsfólk við stýrið er það sem við stefnum stöðugt að, við reynum að hvetja hvort annað til að nýta stykleika okkar í starfi og í því gæti hugsanlega falist eitthvað sem má vel fella undir umbætur.

Heimasíða var gerð fyrir leikskólann þarsíðasta skólaár og unnið hefur verið í henni þennan vetur en hún er enn í þróun.

6. Áherslur í starfi leikskólans

Allt innra starf leikskólans tekur mið af og mótast af því að mæta hverju barni þar sem það er statt og styrkja og virða einstaklingseðli hvers og eins. Leikskólakennarinn skapar barninu hlýlegt og kærleiksríkt umhverfi sem býður uppá skapandi og sjálfssprottinn leik með aðgang að leikföngum úr náttúrulegum efniviði. Einnig á öll framkoma kennarana og það umhverfi sem þeir skapa að veita börnum innblástur í leik og starfi. Hann þarf að vera þeim fyrirmynd sem hvetur þau til leiks og vilja til þess að vaxa í öllu sem hann tekur sér fyrir hendur.

Grundvallarmarkmið Waldorfleikskólans Yls eru:

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

- Að börnin fái tækifæri til að nota skynfæri sín í kringum góðan, náttúrulegan og hreinan efnivið auk náttúruupplifana
- Að veita börnunum gott félagslegt og siðferðislegt uppeldi
- Að efla líkur á að börnin verði skapandi í leik og starfi með því að vera sjálf góðar fyrirmyndir í tali, í framkvæmd, með nærveru, við verkefnaval og með góðar leiðbeiningar til foreldra og samvinnu við þá

Hornsteinar Waldorfleikskólans Yls eru:

- Hinn frjálsi leikur
- Fyrirmynd-eftirherma
- Hrynjandi
- Ævintýri, söngur og leikir
- Skynjun

Leikurinn

Hinn sjálfsprottni leikur

Hinn sjálfsprottni leikur er þungamiðja starfsins í leikskólanum. Það mætti segja að frjáls leikur barna á aldrinum þriggja ára til fimm ára sé töfraheimur. Hann er öðruvísi en allt annað sem að þau eiga eftir að taka sér fyrir hendur á öðrum skeiðum lífsins. Þörf þeirra til þess að leika er svo sterk að líkja má við nauðsyn þess borða og sofa. Hún stjórnast af sterkum vilja og einskærri gleði, það skiptir engu máli hvort í honum sé upphaf eða endir. Í hinum sjálfssprotna leik eru það börnin sem stjórna, galdra fram heim þar sem þau kanna sín mörk og annarra. Þau máta sig við hetjur og skúrka, sjómenn, lækna, og kaffihúsastarfsfólk. Þau skipta um hlutverk og ham eftir því sem hentar leiknum hverju sinni. Hér eru sundlaugar, pósthús, leikhús og rennibrautir byggðar. Börnin fá útrás fyrir því sem þau sjá í umhverfi sínu, alla söngva og ævintýri sem þau heyra og í raun allt sem þau skynja og upplifa í tilveru sinni. Þörfin sprettur að innan til þess að túlka og tjá áhrif þessa ytra heims. Þetta er nauðsynlegt flæði til þess að börnin nái að vinna úr þeim áhrifum sem þau verða fyrir og til að þroskast sem manneskjur.

Börn tengjast einnig í þessum leikheimi sem við náum annars aðeins að tengjast í draumunum okkar. Rudolf Steiner varar við því að skipta leiknum alfarið út fyrir stundir þar sem hinn fullorðni stýrir eða blandar sér inn í. Aðalhlutverk kennarans á meðan leikurinn stendur yfir er að ýta undir að leikurinn geti haldið áfram, aðstoða með það sem börnin ekki geta, hjálpa ef upp kemur ágreiningur og sjá til þess að börnin séu örugg. Okkur ber að gefa þeim nægilega mikinn tíma til þess að þau nái að kafa djúpt inn í leikinn. Einnig þarf waldorfleikskólakennarinn að sjá til þess að umhverfið sé við hæfi, ýti undir fjölbreytileika og gott flæði í leiknum.

Í leiknum þróa börnin með sér eiginleika og færni sem eiga eftir að nýtast þeim á öllum seinni lífsskeiðum og segja má að sjálfsprottni leikurinn sé nauðsynlegur hluti sköpunar í lífi barnanna. Ekki er hægt að deila um þörfina á því að einstaklingar framtíðarinnar séu skapandi og hugsandi verur sem kunna að hugsa út fyrir kassann og leysa

Skjal sótt af '000000000' dags: 10.11.2026

þau fjölmörgu mál sem bíða þeirra. Hinn frjálsi leikur er grunnurinn að líkamlegri og andlegri heilsu barna. Hann er ein þeirra dýmætasta eign, gjöf sem er þeim nauðsynleg til þess að vaxa, dafna og þroskast

Fyrirmynd og eftirherma

Waldorfleikskólakennarinn

Barnið hefur, undir eðlilegum kringumstæðum, frá fæðingu og fram að sjö ára aldri fullkomið traust til umheimsins. Allt sem það skynjar og upplifir tekur það til sín og breytir í eiginleika og þekkingu. Hin fullorðna manneskja hefur þess vegna þýðingarmiklu hlutverki að gegna sem fyrirmynd í lífi barnsins. Framkoma waldorfleikskólakennarans sem fyrirmynd gegnir sérstaklega mikilvægu hlutverki. Þarf hann að vera meðvitaður um að gjörðir hans skipta miklu máli fyrir börn á leikskólaaldri og því hvernig einstaklingur þau munu verða á fullorðinsárum. Kennarinn veitir börnunum innblástur inn í leikinn meðal annars með með einföldum heimilsverkum eins og að ganga frá þvotti, með viðhaldi/viðgerð á húsbúnaði og leikföngum, vinnu úti, t.d. í marjurtargarðinum, handverki svo sem prjónaskap, matargerð og almennum þrifum. Þegar börnin eru í kringum vinnandi fullorðna og finna fyrir starfsgleði þeirra og sjá árangur á þeirri vinnu veitir það þeim hollt veganesti inn í framtíðina. Það eykur vilja þeirra til þess að vaxa og vera virkir einstaklingar í sínu eigin lífi og samfélaginu. En ekki síst skapar vinna hinna fullorðnu börnunum efnivið í leikinn sinn. Á meðan hinir fullorðnu vinna (oftast er það einn af kennurunum sem hefur þetta hlutverk í frjálsa leiknum á meðan hinir sinna börnunum) leika börnin eða hjálpa til við vinnuna. Sama hvort barnið velur þá er barnið skapandi og í flæði. Waldorfleikskólakennarinn þarf líka að vera góð fyrirmynd þegar kemur að ágreiningi á milli barnanna. Hann þarf að hjálpa þeim og kenna þeim að leysa úr ágreiningi. Hann hlustar á báða aðila, kemur með hugmyndir og hvetur börnin til að leysa málin sjálf. Ef það tekst ekki tekur hann ákvörðun sem fullorðinn einstaklingur og leysir málin fyrir þau. Þetta gerir hann alltaf rólega og með yfirvegun. Hann hvetur börnin alltaf til að tala rólega og láta sig vita þegar þau ekki geta leyst málin sjálf. Starfið í leikskólanum krefst þess að waldorfleikskólakennarinn sé sveigjanlegur og skapandi í starfi og að hann hlúi að hverju barni af ástúð og kærleika, virði einstaklingseðli þess, styðji við, skilji og hvetji hvert barn út frá þörfum þess, alltaf frá hjartanu.

Hrynjandinn

Dags,-viku- og árshrynjandi,

Mikil áhersla er lögð á fastan dags-, viku- og árshrynjanda í uppeldisfræðinni. Hrynjandinn skapar þann stöðugleika sem er hverju barni nauðsynlegur til að það upplifi sig öruggt í umhverfi sínu. Hver dagur hefur sama hrynjanda, þar skiptast á stundir sem leikskólakennarinn stjórnar annars vegar og þar sem börnin eru í frjálsum leik hins vegar. Vikuhrynjandinn byggir á að hver dagur eigi sitt verkefni. T.d. er alltaf málað á sama vikudeginum, bakað sama vikudaginn o.s.frv. Árshrynjandinn birtist svo í hinum árstíðabundnu hátíðum. Hverja hátíð þarf að undirbúa vandlega og byggja upp eftirvæntingu fyrir því sem framundan er. Allt innra starf leikskólans byggir á og mótast af árstíðunum, hvaða söngvar eru sungnir, hvaða ævintýri eru sögð og hvaða verk liggja fyrir innandyra sem utan. Svo barnið komist í ró, sem er skilyrði fyrir leiknum, þarf það að finna sig öruggt gagnvart hinum fullorðnu, hinum börnunum, umhverfinu og því sem á sér stað í návist þess. Mikil áhersla er lögð á stöðugleika og endurtekningu, börnin mæta öll á sama tíma á degi hverjum og ljúka deginum á sama tíma. Endurtekningin vekur gleði, öryggi og vilja fyrir þátttöku.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Dagshrynjandinn:

- Börnin koma með rútunni eða foreldrum sínum
- Morgunhringur: þulur, fingraleikir, söngur og hringleikir
- Morgunhressing: te og ávextir
- Allir leika inni og taka þátt í mismunandi verkefni eftir dögum
- Tiltekt og litað
- Hádegismatur
- Ævintýrastund
- Útivera
- Síðdegishressing: te, brauð og álegg
- Heim með rútunni eða foreldrar sækja

Vikuhrynjandinn:

- Mánudagar: Nestisferð, tekið úr töskum og frjáls leikur
- Þriðjudagar: Bakstur, matseld og frjáls leikur.
- Miðvikudagar: Málun og frjáls leikur
- Fimmtudagar: Árstíðabundin handavinna/föndur og frjáls leikur
- Föstudagar: Þrifverkefni, pakkað í töskur og frjáls leikur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Árshrynjandinn:

- Síðsumarferð
- Mikjálshátíð
- Marteinsmessa/Luktarhátíð
- Aðventuhátíð
- Jólaskemmtun
- Sólarkaffi (í tilefni af því að sólin fer að kíkja aftur í Seldal)
- Öskudagur
- Páskaskemmtun
- Vorferð, skipulögð af foreldrum
- Fjöruferð
- Útskriftarhátíð / Jónsmessa

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026



Söngvar, hringleikir og ævintýri

Í upphafi leikskóladagsins setjumst við niður öll saman í hring. Við kveikjum á kerti og syngjum upphafslagið okkar og syngjum um alla þá sem eru mættir þann dag. Svo förum við með þulur eða fingraleiki, syngjum lög, förum í leiki og spjöllum saman áður en gengið er til starfa í leikskólanum. Lögin, versin og þulurnar tengjast þeirri árstíð sem ríkir hverju sinni, hátíðum og veðrum. Að syngja saman eflir samfélagsvitund, fegurðarskyn og samkennd og gefur okkur gott veganesti inn í daginn. Lögð er áhersla á að syngja fallega og í tóntegund sem hentar börnum á leikskólaaldri, það eflir söngrödd þeirra og eykur líkur á að þau verði lagvís úr lífið.

Þulur eru mikilvægur þjóðararfur og tengja börnin við náttúruna. Við leggjum áherslu á þær sérstaklega á fyrstu mánuðum hvers árs þegar úti er svartasta myrkrið og hugurinn og andinn leitar inni á við og kannski líka aftur í aldir. Einnig eru sagðar fingraþulur allan ársins hring sem eflir einbeitingu og styrkir tengsl milli heilahvela. Börnin læra einnig fallegar hreyfingar sem hjálpa þeim í því að virða getu líkama sinna og eflir fegurðarskyn. Að efla fegurðarskyn er mikilvægt í waldorfskólum þar sem fegurð og góð samskipti/samvinna er nátengt.

Hringleiki er farið í bæði úti og inni. Þeir efla samhæfingu, samvinnu og gleði. Einnig eru þeir taldir auka siðferði og samfélagsvitund barnana þar sem þau þurfa að skiptast á að fara með aðalhlutverk og bíða eftir að röðin komi að þeim.

Ævintýrið á sér fastan sess í deginum og er mikilvægur innblástur í leikinn. Lögð er áhersla á ævintýri eins og Grímsævintýri, íslenskar þjóðsögur og norræn ævintýri. Í hverju ævintýri er að finna djúptækan sannleika um lífið, ásamt baráttu milli góðs og ills. Mikilvægt er að ævintýrin hafi góðan endi. Börnin geta mátað sig í öllum karakterum

Skjal sótt af '000000000' dags: 10.11.2026

sagnanna og glaðst yfir sigri þess góða yfir hinu illa. Allir geta verið góðir og saklausir, hugrakkir eða illir. Þau þekkja allar þessar tilfinningar og gleðjast alltaf yfir sigri þess góða. Með einlægri innlifun gefst barninu rík tækifæri til að þroska með sér heilbrigða siðferðisvitund. Brúðuleikrit eru oft gerð eftir ævintýrunum sem börnunum eru sögð og þegar þau hafa séð þau í eina viku fá þau oft að leika leikritið sjálf. Þá kunna þau það orðið vel og elska að fá hlutverk í leikritinu og máta sig í karakterunum. Börnin setja síðan upp sín eigin leikrit í frjálsa leiknum og halda sýningu fyrir hvert annað.
Fyrir utan ævintýrin eru líka sagðar litlar og hlýjar sögur sem eru í tengslum við náttúruna og þá árstíð sem er hverju sinni. Þeim sögum er ætlað að efla samkennd og tengsl við náttúruna. Að lokum eru líka sagðar spunasögur sem kennarinn spinnur eða þerapískar sögur svo sem "Úlfur, úlfur", "Gosi litli" eða "Láki jarðálfur" eftir þörfum ef börnin t.d. eru að stríða, segja ósatt eða annað. Það hefur oft miklu meiri áhrif en að tala bara beint um alla hluti, þar sem börnin lifa svo ríkt í sagnaheiminum og læra af sögunum á óbeinan og stundum beinan hátt.

Með því að segja börnunum sama ævintýrið, fara með sömu vísur, þulur og syngja sömu lög í eina til þrjá vikur í senn mætum við þörf barnsins fyrir endurtekningu og fá þau tíma til þess að vinna úr söguþræði ævintýrisins og boðskap þess. Einnig eflir endurtekningin tilfinningu fyrir tungumálinu og skilning á því og eru vísbendingar sem sýna að þessi aðferð efli leskilning á síðari skeiðum og notkun á tungumálinu. Einnig er þetta talið nýtast tvítyngdum börnum afskaplega vel. Lögin og ævintýrin ná mikilli dýpt fyrir vikið sem allir njóta, bæði börn og fullorðnir, og styrkir að auki úthald. Það er ekkert skemmtilegra en að syngja með börnum lög sem allir kunna.

Skynjun



Allir þættir í umhverfi barnanna í leikskólanum hafa tilgang. Eins og fram hefur komið þá læra börn á leikskólaaldri í gegnum skynjun. Umhverfi barnanna skiptir því miklu máli í þessu samhengi og er það hannað sérstaklega með tilliti til þessa. Leikföngin og annar efniviður leikskólans er náttúrulegur. Leikföngin eru búin til úr tré, ull, silki, bómull eða járni. Veggir eru málaðir með mildum litum. Við höfum blóm í gluggum, sem við sinnum vel og fallegar myndir á veggjum. Mikið er lagt upp úr því að leikskólinn sé fallegur og vel gengið um hann. Þess vegna lagfærum við leikföngin svo börnin sjái til, við berum sýnilega ábyrgð. Enginn firrar sig ábyrgð og allir taka þátt. Börnin taka sjálf til á hverjum degi í samvinnu við hina fullorðnu og við hættum ekki fyrr en allt er orðið fínt, borðin í dúkkukróknum komin með dúk og allar dúkkurnar eru klæddar og hafa bæði dýnu, sæng og kodda. Allt á sinn stað í leikskólanum og það er góð upplifun fyrir alla þegar allt er komið á sinn stað, klárað og tilbúið fyrir næsta dag.

Úti fá börnin upplifun af árstíðunum, veðri og vindum og öllum þeim verkefnum sem fylgja útiverunni. Allur aldur fer út á hverjum degi í öllum veðrum. Við sópum, sláum gras, rökum, steinahreinsum leiksvæðið, mokum snjó, vökvum, gerum okkur bál og bökum pinnabrauð o.s.frv. Börnin renna sér á sleðum, róla, gera bú í klettunum, klifra og aðstoða við verkin.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Hópastarf, val og þemavinna.
Boðið er upp á ýmis verkefni yfir árið svo sem að tálga, sauma, smíða, þæfa, gróðursetja, búa til kerti, fara í sérstakar gönguferðir, tína ber o.s.frv. Hópastarf er unnið með eldri börnunum en ekki í hefðbundnum skilningi. Eldri börnin hafa hlutverk sem þau yngri hafa ekki í eins miklum mæli, eins og að bera af borðinu, fá flóknari hlutverk í hringleikjum, þau fá að tálga, hringja tiltektarklukkunni, fá að dýfa kerti o.fl. Tilgangurinn er að þau upplifi sig sem sem stór og mikilvæg áður en þau byrja í grunnskóla og verða aftur minnst í barnahópnum. Fyrir þau yngri er þetta ekki síður mikilvægt þar sem þau líta upp til eldri barnanna og hvetur þau til þess að gera vel þegar þau loksins fá sjálf að sinna þessum verkum. Þau fá fyrst tækifæri til innilegrar tilhlökkunar og síðan til stolts og úthalds þegar kemur að þeim.

Í leikskólanum er ekkert hefðbundið val en þau hafa að sjálfsögðu val innan frjálsa leiksins. Ekki val sem hinn fullorðni hefur skammtað barninu innan þröngs ramma heldur raunverulegt og sjálfstætt val. Það sem hins vegar styður við og gefur börnunum efnivið í leikinn er sú fyrirmynd sem starfsmennirnir eru þeim og eldri börnin eru yngri börnunum. Því til að hafa val þarf maður að hafa upplifað hvað maður getur valið. Hinn fullorðni þarf að vera góð fyrirmynd á öllum sviðum, þ.e. kunna að vinna með höndunum, vera hæfur félagslega og geta leyst úr vandamálum og getað úthugsað sniðugar lausnir í leik og starfi. Ef börnin finna upp á því að þau langi að þrífa málningarplöturnar okkar úti með sápuvatni og burstum þá er það sjálfsagt mál. En til að þau fái þannig hugmyndir þurfum við oftast að hafa gert það áður. Börnin læra að nota ímyndunaraflið sem er missterkt hjá þeim eins og gengur, bæði eftir dögum og einstaklingum. En að þau læri að virkja það sjálf, innan frá er eitt af markmiðum uppeldisfræðinnar.

Segja má að þemavinna Waldorfleikskólans Yls í Lækjarbotnum sé barnið sjálft, umhverfi þess og náttúran í kringum það og áherslurnar fari eftir aldri þeirra og getu.Yfir berjatímann er sultað, fyrir Marteinsmessu gerum við luktir til að minna okkur á að varðveita sumarið í hjörtunum yfir vetrartímann og þegar stutt er til jóla bökum við piparkökur við kertaljós í rökkrinu, svo dæmi séu tekin. Þemað er náttúran og árstíðin. Barnið fær að vera algerlega í núinu, hjá sjálfu sér og umhverfi sínu og það vinnur þessa þemavinnu í gegnum skynupplifanir og virkjun fegurðarskynsins.

Skólahópurinn, sem við köllum þau börn sem eru á sínu síðasta ári í leikskólanum, fá mörg verkefni sem aðrir í leikskólanum fá ekki. Þau fá gjarnan eftirsóttustu hlutverkin í ævintýrunum, þau fá að hringja tiltektarklukkunni og fá oftar en aðrir að spila ævintýrið okkar inn og út á lítinn sílafón. Þau mega tálga. Þau fá litlar vatnskönnur við matarborðið og aðstoða við að hella vatninu í glös hinna barnanna o.m.fl. Lokahnykkurinn á verkefnum þeirra er að gera brúður fyrir útskriftarleikritið sitt, æfa leikrit með brúðunum og sýna öllum hinum börnunum og foreldrum. Þau tálga sinn eigin göngustaf og skreyta hann og svo rétt fyrir leikskólaslit fara þau með einum kennara alveg upp á toppinn á Selfjalli, sem við köllum Kistu, sem gnæfir yfir Lækjarbotnum. Þar fá þau að kíkja yfir ríki sitt sem og kóngar og drottningar Yls og fá góða yfirsýn áður en þau verða aftur minnst í skólanum.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Barnasáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á að börn heimsins þarfnist sérstakrar verndar umfram hina fullorðnu og að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi óháð réttindum fullorðinna. Öllum þeim sem koma að málefnum barna ber að gera það sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja samningnum.

Við á Yl áttum okkur vel á að börn þurfa sérstaka vernd og umönnun umfram þá sem fullorðnir eru og sinnum við því hlutverki eftir fremsta megni. Uppeldisfræðin okkar gengur út að að virða hvert einasta, einstaka barn og að mæta því eins og það er.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Heimsmarkmið

Til að börn geti vaxið upp sem sjálfstæðir, skapandi og siðferðislega sterkir einstaklingar þurfa þau að njóta barnæsku sinnar við vernd hinna fullorðnu á fyrstu árum lífs síns. Verkefni framtíðarþjóðfélagsþegna eru stór og mikil. Eru heimsmarkmið Sameinuðu þóðanna stór, góð og krefjandi. Til að getið tekist á við þau, og önnur verkefni framtíðarinnar, þurfa börn nútímans að fá að leika sér í algleymi og áhyggjuleysi með sterkar fyrirmyndir í lífi sínu. Að læra á heiminn í gegnum skynfærin, í gegnum samskipti, góðar venjur og í nánu samneyti við náttúruna gefur börnum styrk og það áhyggjuleysi sem ætti að einkenna barnæskuna. Eru það, og verða, áherslur Waldorfuppeldisfræðinnar að standa vörð um þau gildi.

Leikskólinn er ekki réttindaskóli Unicef og við höfum ekki skoðað það ennþá.

- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmið (í stuttu máli áherslur um hvernig unnið verður á skólaárinu, t.d. er þinn leikskóli réttindaskóli Unicef, ef ekki hvenær hyggist þið hefja það ferli?)
- Áætlun um læsisstefnu (í stuttu máli áherslur um hvernig unnið verður á skólaárinu að gerð læsisstefnu leikskólans og innleiðingu hennar)
- Viðmið um málstefnu (í stuttu máli áherslur um hvernig unnið verður á skólaárinu að gerð málstefnu og innleiðingu hennar)
- Nýjar áherslur í aðalnámskrá (í stuttu máli hvernig gengur sú vinna)
- Endurskoðun skólanámskrár (í stuttu máli hvernig gengur sú vinna?)
- Hæfnirammar í íslensku (í stuttu máli hvort hann er nýttur í skólanum og er hann nýttur fyrir öll börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn?)
- Farsældin (er allt starfsfólk skólans meðvitað um hvað felst í farsældarlögunum)
- Lausnarteymi (í stuttu máli hvernig gengur starf lausnateymis)

7. Þróunar- og nýbreytnistarf

Við á Yl leitumst við að halda í gömlu góðu gildin og taktinn og efla frekar innra starfið í stað þess að horfa til nýjunga en það endurspeglar Waldorf stefnuna að vinna á þann hátt.

Stefna í upplýsingatækni

Stefna Yls í upplýsingatækni helst með öllu óbreytt, engin snjalltæki eru nýtt í starfinu með börnunum. Við hvetjum foreldra til að halda börnum sem mest frá skjánotkun fram eftir aldri og nota sparlega þegar það er tekið inn.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

8. Foreldrasamstarf

(t.d. þessi texti -örstutt- annars í skólanámskrá/heimasíðu)

Við á Yl viljum vera í mjög góðum tengslum við foreldra barnanna sem í leikskólanum eru. Það að börnin eru ferjuð í rútu til og frá skóla setur óneitanlega strik í samskiptareikninginn en viljum við með öllum ráðum bæta það upp með öðrum leiðum. Á Yl eru þó samskipti við foreldra mikil miðað við víða annars staðar, bara á annan hátt og má þar m.a. nefna vinnuhelgarnar, foreldraþrifin og basarundirbúninginn. Aðalmarkmið foreldrasamstarfs okkar er að foreldrar séu öruggir, virkir, ánægðir og upplýstir.

Foreldraráð

Starf foreldraráðs hefur verið í lamasessi en stendur til bóta, leikskólinn er lítill og margir sameiginlegir fletir eru með grunnskólanum. Eins og staðan er núna þá eiga flest börnin okkar annað hvort foreldri sem starfar við skólann eða systkini í skólanum og samskipti við heimilin afar góð og vel hefur gengið að leysa úr málum.

Foreldrafélag

Það hefur gengið brösulega að fá fólk í foreldrafélagið en foreldrar hafa þó alltaf verið boðnir og búnir til að sinna því sem hefur þurft. Við erum að kalla eftir að einhverjir bjóði sig fram um setu í foreldrafélaginu frá og með næstu önn. Foreldrafélag grunnskólans hefur þó stutt okkur vel því margir eiga börn á báðum stöðum og margir snertifletir þegar kemur að skipulagninu s.s. jólabasars og annara hátíða.

9. Starfsfólk

Skólaárið 2024-2025 starfa við leikskólann 5 manns, 3 í 100% stöðum og tveir í 60% stöðum.

Auður Eysteinsdóttir B-ed frá HÍ

Guðrún Eysteinsdóttir B.A. frá Glasgow school of art

Nora Elisabeth Christine Jacob M.ed frá LHÍ

Björk Bjarnadóttir M.A. frá HÍ

Thomas Liepke, starfsmenntun á framhaldsskólastigi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

10. Símenntunaráætlun

Allir kennarar við leikskólann sitja þá fyrirlestra sem skipulagðir eru á starfsdögum. Til stendur að á komandi hausti fari allir á svokallaðan Olsókúrs sem er vikulangt samnorrænt endurmenntunarnámskeið waldorfkennara. Okkur hefur þó ekki tekist að sinna símenntun umfram þá fyrirlestra sem skólinn hefur sjálfur staðið fyrir enn sem komið er sökum þess að flestir starfsmenn eru nýjir og það tekur tíma að aðlagast, kynnast starfinu og börnunum.

11. Aðrar upplýsingar

Í leikskólanum eru 17 börn á aldrinu 3-6 ára af þeim eru 10 tví- og þrítyngd með fjölbreyttan menningarbakgrunn, dvalartími flestra barnanna eru 7,5 klst á dag utan eins barns þar sem foreldrar kjósa að hafa hann einungis 4 daga í viku. Eitt barn úr hópnum sækir talþjálfun einu sinni í viku.

12. Húsnæði og lóð

Waldorfleikskólinn Ylur er staðsettur í Seldal í Lækjarbotnum. Húsnæði leikskólans er 139,5 fm og þar af er 80 fm leiksvæði. Lóðin sem starfsemin hefur til afnota er u.þ.b. 10 hektarar. Leikskólinn deilir eldhúsi og útisvæði með Waldorfskólanum í Lækjarbotnum og hefur einnig aðgang að ýmsri annarri aðstöðu til dæmis tálgunar- og viðarvinnukofa, skemmu, sal og fundaraðstöðu. Leikskólinn hefur örlítið geymslusvæði til afnota í skemmunni.

Stofurnar á Yl eru tvær. Tvær stórar hurðir eru á milli stofanna svo hægt er að hafa eitt stórt leikrými þegar það hentar. Einnig hefur leikskólinn yfir að ráða litlu kaffieldhúsi sem einnig er fundaraðstaða kennara, skrifstofa og geymsla. Þar inni er starfsfólkið með vinnuborð, hillur undir hitt og þetta, ísskáp, helluborð, bakaraofn, uppþvottavél og þvottavél. Hægt er að fara út úr litla eldhúsinu út í litla garðinn okkar. Fataklefi þar sem útiföt barnanna eru geymd er í anddyri hússins og annað fatahólf á gangi fyrir rútufötin, fötin sem börnin koma í og fara í heim með rútunni. Tvö klósett eru fyrir börnin á einu stóru salerni. Í samskonar rými við hliðina á salerninu er starfsmannasalerni, skiptiborðsaðstaða og þrifakompa.

Beint fyrir utan litla kaffieldhúsið í leikskólanum er lítill afgirtur garður fyrir yngri börnin með sandkassa, litlu leiktæki og bekkjum sem við borðum síðdegisbita við í góðum veðrum. Stærra leiksvæðið okkar hefur sandsvæði, útieldhús fyrir leik, rennibraut, bát, drumba til að klifra á, lítinn leikkofa með borði og drumbum til að sitja á fyrir utan. Fyrir utan náttúruna sem er jú allt um kring og er ómetanleg uppspretta hins frjálsa leiks.

Skólaárið 2024 - 2025

Á vinnuelgi foreldra á síðasta skólaári voru rólur fjarlægðar, hellulagður stígur í leikskólagarði, matjurtagarður endurnýjaður, settir upp snúrustaurar, grindverk lagað, allt þrifið hátt og lágt innandyra sem og öll leikföng þvegin, hurð að eldhúsi lökkuð, klósettsetur endurnýjaðar, setur upp lítill vaskur á klósetti og smíði báts á leiksvæði hafin (var lokið í sumarleyfi 2025 af foreldrum)

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Ósk um viðhald skólaárið 2025 – 2026

Okkur dreymir um að geta sett upphengjanleg klósett bæði á barna og starfsmannasalernum, mála allt húsið að utan, klára að skipta um glugga og setja upp nýjar rólur.

13. Öryggismál

Grunnskólinn og leikskólinn er með sameiginlegan öryggistrúnaðarmann, Ívar Zophanías Sigurðsson umsjónarkennara í 6.-7. bekk. Hann heldur utan um öryggismál skólanna í samstarfi við leikskólann. Engin eiginleg öryggisnefnd eða áfallaráð er skipað í leikskólanum heldur höfum við þann háttinn á að við fundum vikulega og metum stöðuna. Trúnaðarmaður beggja skóla er Auður Eysteinsdóttir sem starfar í leikskólanum.

Engin slys hefur þurft að tilkynna skólaárið 2024-2025

Lokaorð

Við teljum uppeldisfræði okkar vera mikilvægan part af skólaflóru Íslands. Tengsl við náttúruna og ræktun hafa stóran sess hér á Yl og hér er að sjálfsögðu allt rusl flokkað og einungis náttúrulegur efniviður notaður. Ekkert plast er í leikskólanum. Í uppeldisstefnu waldorfskólanna, og foreldra þeirra barna sem þar ganga, ríkir meðvitað val um að halda áreiti í formi sjónvarpsgláps og tölvuleikja eins lengi frá börnum og hægt er. Ekki eru Ipadar í leikskólanum. Mikilvægt er að muna að hæfileikar til síðar að takast á við allt það sem við þurfum að læra verður að byggja á traustum grunni. Í frjálsa leiknum gefst nægur tími til félagslegra samskipta. Þau rekast líka á. Þau læra af því þar sem starfsfólkið gefur sér tíma til að hjálpa þeim að vinna saman og leysa úr ágreiningi í rólegheitum og með yfirvegun. Þetta eru tæki sem börnin þurfa að geta tileinkað sér til að verða ábyrgir fullorðnir einstaklingar í framtíðinni. Í frjálsa leiknum fá börnin einnig frelsi frá áreiti. Þeirra eigin úrvinnsla ræður ríkjum og þau eru virkir, skapandi þáttakendur í sínum eigin leik í stað þess að vera passívir viðtakendur áhrifa utan frá. Og það er ekki síst þessi krafa á barnið, að nota sjálft sig til fulls sem elur það upp. Að finna eigin afþreyingu. Því það má leiðast vegna þess að útfrá leiðanum kviknar á innra afli og sköpunarþrá barnsins og það er takmark uppeldisfræðinnar. Mikil samvinna, tengsl við hvort annað og náttúruna, gildi þess að þroska fegurðarskyn sitt í gengum söng og aðrar listir efla siðferðisvitund barnanna. Þau fá nægan tíma til að æfa þessa vitund, þroska hana og styrkja. Mikilvægt er að vernda börnin fyrir ótta og kvíða og í staðin leggja áherslu á umhyggju fyrir umhverfinu, heilbrigð hreinlætisgildi, tengsl og mannkærleika.

Við hér á Yl höfum mikla trú á því að waldorfsuppeldisfræðin og sú menntastefna sem kennd er í waldorfskólum hafi mikið og gott erindi út í samfélagið.

f.h. Waldorfleikskólans Yls

Auður Eysteinsdóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

14. Fylgigögn

Umbótaáætlun - umbótaáætlun fyrir leiksskólann er í vinnslu.

Símenntunaráætlun- hefur ekki verið gerð, kennarar sækja fyrirlestra á vegum skólans og til stendur að fara á vikulangan waldorfendurmenntunnarkúrs til Noregs á komandi hausti.

Umsögn foreldraráðs– eins er, er ekki starfandi forelraráð við leikskólann. Það stendur til bóta.

Skóladagatal – viðhengi með pósti.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026